

Nefnd um lagalega umgjörð stjórnmalastarfsemi

Forsætisráðherra
Geir H. Haarde
Stjórnarráðshúsinu við Lækjargötu
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. nóvember 2006

Halldór Ásgrímsson, þáverandi forsætisráðherra, skipaði í júlí 2005 nefnd fulltrúa allra þingflokka, sem falið var að fjalla um lagalega umgjörð stjórnmalastarfsemi á Íslandi. Í nefndina voru skipaðir af hálfu Framsóknarflokks Helgi S. Guðmundsson og Sigurður Eypórsson, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Af hálfu Sjálfstæðisflokks voru skipaðir Einar K. Guðfinnsson, Gunnar Ragnars og Kjartan Gunnarsson, sem jafnframt var skipaður varaformaður nefndarinnar. Af hálfu Samfylkingarinnar voru skipuð í nefndina Gunnar Svavarsson og Margrét S. Björnsdóttir. Fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs var skipuð Kristín Halldórsdóttir og fulltrúi Frjálslynda flokksins Eyjólfur Ármannsson. Þá ákvað forsætisráðherra að Árni Páll Árnason, lögmaður, yrði starfsmaður nefndarinnar. Þegar Einar K. Guðfinnsson tók við embætti sjávarútvegsráðherra var Guðlaugur Þór Þórðarson skipaður í nefndina í hans stað.

Nefndin hefur nú lokið störfum. Meðfylgjandi er skýrsla nefndarinnar, undirrituð af nefndarmönnum öllum og starfsmanni. Fyrir hönd nefndarmanna vil ég þakka forsætisráðuneytinu góða aðstoð við nefndina og starf hennar.

Virðingarfyllt,
f.h. nefndar um lagalega umgjörð stjórnmalastarfsemi

Sigurður Eypórsson,
formaður.